Valreglur landsliða - Alpagreinar 2027-2028

A-landslið

1. Val

Val í A-landslið fer fram í maí ár hvert.
Aldur: 18 ára og eldri.

2. FIS-punktaviðmið

- Karlar skulu vera með undir 40 FIS-punktum í svigi eða stórsvigi.
- Konur skulu vera með undir 50 FIS-punktum í svigi eða stórsvigi.

3. Ironman-próf

Allir A-landsliðsmenn skulu taka Ironman-próf að lágmarki einu sinni á ári.
Lágmarksviðmið eru:

Aldur	Lágmarksstig
18-20 ára	**350 stig**
21 árs og eldri, karlar	**600 stig**
21 árs og eldri, konur	**500 stig**

4. Samsetning liðs

Að jafnaði er miðað við tvo karla og tvær konur í A-landslið, að því gefnu að nægilega margir keppendur uppfylli viðmið liðsins. Ef ekki er unnt að fylla tvö sæti hjá öðru kyninu er heimilt að velja fleiri keppendur af hinu kyninu.

5. Viðmið fyrir áframhaldandi sæti

Keppandi sem hefur átt sæti í A-landsliði tímabilið á undan getur haldið sæti sínu þótt FIS-punktar hans séu allt að 10% yfir gildandi FIS-punktaviðmiðum. Þetta á þó aðeins við ef fjöldi og samsetning liðsins gefa svigrúm til þess.

6. Fyrirvari

Alpagreinanefnd áskilur sér rétt til að gera breytingar á vali ef sérstakar aðstæður gefa tilefni til þess.

B-landslið

1. Val

Val í B-landslið fer fram í maí ár hvert.
Aldur: 18 ára og eldri.

2. FIS-punktaviðmið

- Karlar skulu vera með undir 60 FIS-punktum í svigi eða stórsvigi.
- Konur skulu vera með undir 70 FIS-punktum í svigi eða stórsvigi.

3. Ironman-próf

Allir B-landsliðsmenn skulu taka Ironman-próf að lágmarki einu sinni á ári.
Lágmarksviðmið eru:

Aldur	Lágmarksstig
18-20 ára	**350 stig**
21 árs og eldri	**500 stig**

Keppandi sem kemur inn í landslið í fyrsta sinn skal hafa náð lágmarki 350 stigum í Ironman-prófi.

4. Samsetning liðs

Að jafnaði er miðað við tvo karla og tvær konur í B-landslið, að því gefnu að nægilega margir keppendur uppfylli viðmið liðsins. Ef ekki er unnt að fylla tvö sæti hjá öðru kyninu er heimilt að velja fleiri keppendur af hinu kyninu.

5. Viðmið fyrir áframhaldandi sæti

Keppandi sem hefur átt sæti í B-landsliði tímabilið á undan getur haldið sæti sínu þótt FIS-punktar hans séu allt að 10% yfir gildandi FIS-punktaviðmiðum. Þetta á þó aðeins við ef fjöldi og samsetning liðsins gefa svigrúm til þess.

6. Fyrirvari

Alpagreinanefnd áskilur sér rétt til að gera breytingar á vali ef sérstakar aðstæður gefa tilefni til þess.